

### ÝMSAR KENNITÖLUR

Lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum . . . . .	90,73%
Kostnaður sem hlutfall af iðgjöldum . . . . .	3,93%
Kostnaður sem hlutfall af eignum (meðaltali hreinnar eignar í ársbyrjun og árslok) . . . . .	0,34%
Starfsmannafjöldi (slysatryggðar vinnuvikur / 52) . . . . .	3,94st
Gjaldfærður stofnkostnaður . . . . .	1,47%
(Eignaskrá er hluti af skýringum með reikningsskilum)	

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda og framkvæmdastjóri staðfesta meginniðurstöður ársreiknings lífeyrissjóðsins, sbr. 7. mgr. 3. gr. laga nr. 27/1991.

Reykjavík, 5. maí 1992.

**Benedikt Jónsson,**  
framkvæmdastjóri.

Í stjórn sjóðsins:

Björn Helgason, formaður.  
Guðmundur Björnsson.

Haukur Halldórsson.  
Magnús Sigurðsson.

20. maí 1992

Nr. 191

### AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið stöðubann báðum megin á Sæmundargötu og Sturlugötu.

Auglýsing þessi tekur gildi 15. júní 1992.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. maí 1992.*

**Böðvar Bragason.**

27. maí 1992

Nr. 192

### REGLUGERÐ

**um bann við veiðum á Hornbanka.**

1. gr.

Frá og með 1. júní 1992 til 30. september 1992 eru allar togveiðar með flot- og botnvörpu bannaðar á svæði á Hornbanka, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66° 55'0 N – 21° 51'0 V
2. 67° 01'0 N – 20° 48'0 V
3. 66° 43'0 N – 20° 56'0 V
4. 66° 22'5 N – 21° 28'0 V
5. 66° 31'3 N – 21° 51'0 V

## 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 27. maí 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um Sjóðshappdrætti Háskóla Íslands,  
nr. 410 20. ágúst 1991.**

## 1. gr.

- c-liður 1. mgr. 10. gr., sbr. reglugerð nr. 139 22. apríl 1992, orðist svo:
- c. Þeir sem hljóta vinning vegna útdreginna tveggja tölustafa númera skipta á milli sín 20% vinningsfjárhæðarinnar. Skulu dregin út fjögur tveggja tölustafa númer óháð hvert öðru. Komi sama númer upp oftari en einu sinni hlýtur handhafi þess vinningshlut í samræmi við það.

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, sbr. lög nr. 23 5. maí 1986, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. maí 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Ólafur W. Stefánsson.